

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. október 2014

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða á þingskjali 30.

Með frumvarpinu eru lagðar til breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða, þannig að þeim verði veitt heimild til að fjárfesta í verðbréfum sem verzlauð er með á markaðstorgi fjármálagerninga, til jafns við verðbréf sem tekin hafa verið til viðskipta á almennum markaði.

Félag atvinnurekenda hefur lagt til sambærilegar breytingar, sbr. 2. hluta tillagna félagsins sem settar hafa verið fram undir merkjum Falda aflsins. Þær sjá má á vef FA:


www.atvinnurekendur.is/UmFA/BarattumalFAideiglunni/Faldaaflid12tillogurFA/Fjarmognunarleidir/

Tillögur FA miða að því að auðvelda aðgang fyrirtækja jafnt að lánsfé og eiginfjármögnun. Félagið hefur lagt til að heimildir lífeyrissjóða til að fjárfesta í óskráðum verðbréfum verði auknar, meðal annars til þess að hvetja til fjárfestingar í meðalstórum fyrirtækjum. Eftirspurn lífeyrissjóða gæfi minni fyrirtækjum tækifæri á að fjármagna sig á hagkvæmari hátt og myndi að auki skapa samkeppni við banka og draga úr vaxtaálagi þeirra.

Í tillögum félagsins kemur fram að gera verði eðlilegar kröfur til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum, í takt við það sem tíðkast á markaðstorgi fjármálagerninga.

Félag atvinnurekenda mælir því með samþykkt frumvarpsins en áskilur sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum. Félagið lýsir sig jafnframt reiðubúið til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,
Félag atvinnurekenda


Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri FA